



Sjálfbærnistefna Lífeyrissjóðs verzlunarmanna

Efnisyfirlit

1	Inngangur	1
1.1	Leiðarljós fyrir LV með tilliti til sjálfbærni	2
1.2	Samhengi stefnunnar við aðrar stefnur LV	3
2	Vegvísa við framkvæmd samfélagsábyrgðar í starfsemi LV	3
2.1	Vegvísar varðandi samfélagsábyrgð	3
2.1.1	Almennur rekstur LV	4
2.1.2	Umsýsla eignasafna LV	4
2.1.3	Afurðir LV	5
3	Upplýsingagjöf	5
4	Samstarf og skuldbindingar	5
5	Samþykkt, eignarhald og endurskoðun	6

1 Inngangur

Hlutverk Lífeyrissjóðs verzlunarmanna (LV) er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri. Samfélagslegt hlutverk sjóðsins er mikilvægt, skuldbindingar hans eru til langrar framtíðar og hann rekur umfangsmikil eignasöfn með innlendum og erlendum eignum. Starfsemin er háð umhverfisþáttum og félagslegum þáttum og öðrum mikilvægum þáttum sem falla undir **sjálfbærnimál**. Jafnframt hefur starfsemi LV bein og óbein áhrif á þá þætti sem almennt falla undir sjálfbærnimál.

Markmið með sjálfbærnistefnu sjóðsins er að styðja við ábyrgan rekstur og auka áherslu á sjálfbærni í starfsemi sjóðsins, í þágu langtímahagsmuna sjóðfélaga og eftir atvikum annarra haghafa. Sjóðurinn leggur áherslu á að hámarka fjárhagslegan árangur með hliðsjón af sjálfbærnimálum (UFS þættir) í fjárfestingum, afurðum sjóðsins og rekstri starfseminnar. Með stefnu þessari er á einum stað veittar upplýsingar um hvar og með hvaða hætti sjálfbærni kemur við sögu í starfsemi sjóðsins hvort sem horft er til lífeyris- og lánaafurða, eignasafna eða dagslegs reksturs hans. Eftir atvikum er vísað í ítarlegri stefnur þar sem við á.



LV telur mikilvægt að sýna gott fordæmi með skipulagi og rekstri skrifstofu sjóðsins þegar kemur að sjálfbærnimálum, þjóða upp á lífeyrisafurðir og lánaafurðir sem styðja við fjárhagslegt sjálfstæði sjóðfélaga og fjölskyldna þeirra, hvetja og veita útgefendum verðbréfa uppbyggilegt aðhald varðandi sjálfbærni í rekstri þeirra.

Í stefnunni er fjallað um það hvernig LV skilgreinir **sjálfbærni** í starfsemi sinni og hvernig sjóðurinn leggur áherslu á sjálfbærni í rekstri sjóðsins til að styðja við hlutverk og stefnu sjóðsins til skemmri og lengri tíma.

Með hugtakinu sjálfbærni er hér einkum horft til viðvarandi vinnu við að þróa viðskiptalíkan sjóðsins og starfsemi hans, þ.e. þjónustu, lífeyrisafurðir, viðskiptasambönd, eignasöfn og innri rekstur, og styðja um leið markvert við jafnvægi og langtíma vöxt sem dregur úr neikvæðum áhrifum og styður við jákvæða þróun umhverfis og samfélags.

Stefnan felur í sér markmið og viðmið. Frávik frá einstökum þáttum hennar teljast ekki brot á stefnunni en kalla á rýni og umræðu af hálfu LV.

1.1 Leiðarljós fyrir LV með tilliti til sjálfbærni

- A) Til að stuðla að sjálfbærum rekstri og styðja þannig við langtíma verðmætasköpun í þágu sjóðfélaga og eftir atvikum annarra haghafa er lögð áhersla á að:
- i) stuðla að því að ákvarðanir í rekstri sjóðsins falli sem best að viðmiðum sjálfbærni
 - ii) viðeigandi **sjálfbærnimál**¹ í starfsemi sjóðsins séu greind og þau meðhöndluð í þágu rekstrar sjóðsins
 - iii) beita aðferðafræði ábyrgra fjárfestinga (e. responsible investment) í fjárfestingarferli og umsýslu eignasafna og meðferð eigendavalds
 - iv) nýta aðferðafræði stefnumiðaðrar samfélagsábyrgðar (e. Strategic Corporate Social Responsibility) eins og hún er skýrð í stefnunni
- B) Stefnan og framkvæmd hennar byggir einkum á:
- i) Lögum og stjórnvaldsreglum sem varða starfsemi LV, sjálfbærni og ábyrgar fjárfestingar. M.a. gerðum ESB um: skilgreiningu á sjálfbærri starfsemi (EU Taxonomy), greiningu og miðlun upplýsinga um sjálfbærniáhættu í eignasöfnum (SFDR), sjálfbærniupplýsingagjöf fyrirtækja (CSRD), og hvatningu til þátttöku hluthafa til lengri tíma (SRD II)
 - ii) Stefnunum og öðrum reglum LV sem varða **sjálfbærnimál**
 - iii) Viðeigandi viðmiðum varðandi sjálfbærni og ábyrgar fjárfestingar
 - iv) Mikilvægisgreiningu og greiningu og beitingu aðferðafræði sem styðja við sjálfbærnimál (UFS þættir o.fl.)
 - v) Haghafagreiningu og samskiptastefnu við haghafa

¹ **Sjálfbærnimál** eru umhverfislegir-, félagslegir-, mannréttinda- og stjórnunarþættir, þ.m.t. starfsmannatengd mál, virðing fyrir mannréttindum og mál sem varða baráttu gegn spillingu og mútum.



vi) Miðlun viðeigandi upplýsinga

1.2 Samhengi stefnunnar við aðrar stefnur LV

Stefna þessi er heildarstefna fyrir áherslur varðandi sjálfbærni í starfsemi LV. Henni til fyllingar og nánari útlistunar vísast til einstakra stefna, til að mynda: Stefnu um ábyrgar fjárfestingar, stefnu um útilokun fjárfestingarkosta, hluthafastefnu, siða- og samskiptareglna, jafnlaunastefnu og reglna um aðgerðir gegn peningabætti. Sjá nánar í viðauka við stefnuna.

2 Vegvísa við framkvæmd samfélagsábyrgðar í starfsemi LV

Við innleiðingu og framkvæmd stefnunnar er horft til þriggja þátta í rekstri sjóðsins sem liggja þvert á skipurit hans. Þ.e.:

Almennur rekstur	
Umsýsla eignasafna	Lífeyrisafurðir og lánaafurðir

Hér er gerð grein fyrir inntaki rekstrarþátta og tilteknum áhersluatriðum fyrir hvern þátt. Upptalningin er ekki tæmandi, en er sett fram til að auka gagnsæi í stefnumótun sjóðsins og til að kynna tiltekin áhersluatriði.

2.1 Vegvísar varðandi samfélagsábyrgð

Við innleiðingu og framkvæmd aðferðafræði sjálfbærs rekstrar hjá LV er m.a. horft til aðferðafræði stefnumiðaðrar samfélagsábyrgðar fyrirtækja. Þar eru eftirfarandi fimm atriði² mikilvægir vegvísar.

- 1) **Fyrirtækjamening:** Áhersla á samfélagsábyrgð í fyrirtækjameningu sjóðsins og stefnumótunarferli.
- 2) **Sambætting við daglegan rekstur:** Áhersla á að flétta stefnumiðaða samfélagsábyrgð inn í daglegan rekstur sjóðsins og kjarnastarfsemi hans.
- 3) **Hagsmunir haghafa:** Áhersla á að greina, skilja og mæta við þörfum haghafa sinna í takt við forgangsröðun sem byggir á hlutverki og eðli lífeyrissjóðsins.
- 4) **Að hámarka jákvæð áhrif:** Áhersla er lögð á að hámarka það virði sem sjóðurinn skapar með starfsemi sinni og lágmarka neikvæð áhrif.
- 5) **Langtímasýn:** Áhersla er lögð á að horfa fremur til lengri tíma fremur en skemmri tíma.

Með áherslu á þessa þætti stefnumiðaðrar samfélagsábyrgðar er stefnt að því að efla samkeppnishæfni sjóðsins, viðnámsprótt hans, m.a. varðandi þróun umhverfismála og samfélags, og getu til að sinna hlutverki sínu. Þessir fimm þættir skarast og styrkja hver annan.

² Chandler, David. Strategic Corporate Social Responsibility: Sustainable Value Creation (bls. 272). SAGE Publications. 6. útgáfa.



2.1.1 Almennur rekstur LV

Undir almennan rekstur fellur einkum starfsemi skrifstofu LV, þar með talið mannauðsmál, innri reglur og stoðstarfsemi við eignasöfn, lífeyris- og lánaafurðir.

Áherslupættir:

- i) Útgáfa árs- og sjálfbæriskýrslu.
- ii) Önnur upplýsingagjöf um sjálfbærni í rekstri LV og efnislega mikilvæga UFS þætti.
- iii) Gerð mikilvægisgreiningar varðandi sjálfbærnimál í starfsemi LV.
- iv) Greining haghafa og gerð viðmiða um samskipti við þá.
- v) Fræðsla til stjórnar, stjórnenda og annars starfsfólks um sjálfbærni og tengd atriði.
- vi) Framkvæmd stefnu um persónuvernd og gagnaöryggi.
- vii) Innleiðing og framkvæmd á stefnum og viðbragðsáætlunum sem varðar mannauð, svo sem mannauðsstefnu, EKKO³ og gæðaferlum um jafnlaunavottun.
- viii) Greining á vistspori reksturs skrifstofu sjóðsins.
- ix) Áhersla á góða viðskiptahætti.
- x) Áhersla á góða stjórnarhætti og einstök atriði sem styðja við þá, m.a.: framkvæmd umboðsskyldu, siða- og samskiptareglur, varnir gegn mútum og spillingu, varnir gegn peningabvætti og fjármögnun hryðjuverka og viðmið varðandi val á birgjum, þjónustuaðilum og samstarfaðilum.

2.1.2 Umsýsla eignasafna LV

Undir umsýslu eignasafna fellur m.a. framkvæmd stefnu um ábyrgar fjárfestingar, stefnu um útilokun úr eignasöfnum, hluthafastefnu, greining sjálfbærniáhættu í eignasöfnum og upplýsingagjöf um sjálfbærniþætti tengdum eignasöfnum. Markmiðið er að styðja við vandaða ákvarðanatöku með því að stækka mengi þeirra upplýsinga sem liggja til grundvallar fjárfestingarákörðunum í þeim tilgangi að styðja við áhættuleiðrétta ávöxtun til lengri tíma.

Áherslupættir:

Eftirfarandi atriði eru nefnd með tilvísun til stefnu LV um ábyrgar fjárfestingar, hluthafastefnu og útilokun fjárfestingakosta úr eignasöfnum.

- i) Greining sjálfbærniáhættu í eignasöfnum sameignardeildar og séreignardeilda.
- ii) Greining sjálfbærniþátta í fjárfestingarferli.

³ Stefna og viðbragðsáætlun gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni, kynbundið ofbeldi og ofbeldi á vinnustaðnum.



- iii) Virkt eignahald sem byggir m.a. á greiningu sjálfbærniþátta og lykilsjálfbærnimála í starfsemi viðkomandi útgefanda verðbréfa.
- iv) Útilokun fjárfestingarkosta í eignasöfnum í samræmi við útilokunarstefnu.

2.1.3 Afurðir LV

Lífeyrisafurðir LV eru lífeyrisréttindi sameignardeildar og séreignarsparnaður séreignardeildar. Lánaafurðir LV eru sjóðfélagalán og tengd þjónusta. Veitt er upplýsingagjöf, ráðgjöf og önnur fræðsla varðandi þessar afurðir, m.a. með hliðsjón af hlutverki LV og mikilvægi þessara afurða og áhrif fyrir sjóðfélaga og aðra viðskiptavini.

Áherslupættir:

- i) Greining á hagsmunum sjóðfélaga nýtt við vöruþróun, kynningarstarfsemi og ráðgjöf.
- ii) Fræðsla og upplýsingagjöf um lífeyrisafurðir LV.
- iii) Fræðsla og upplýsingagjöf um lánaafurðir LV.
- iv) Samskipti við stjórnvöld varðandi lagaumgjörð um lífeyris- og lánaafurðir.

3 Upplýsingagjöf

Lífeyrissjóðurinn leggur áherslu á að veita upplýsingar um framkvæmd sjálfbærni í starfsemi sinni. Það er meðal annars gert með eftirfarandi hætti:

- i) Útgáfu árs- og sjálfbærnisráðgjöf, þar sem m.a. er að finna viðauka með upplýsingum um UFS þætti.
- ii) Upplýsingar um ráðstöfun atkvæðaréttar LV á hluthafafundum á vef LV og í skýrslu um framkvæmd hluthafastefnu.
- iii) Upplýsingar um samskipti LV við félög á grundvelli hluthafastefnu [áhrif]
- iv) Upplýsingar um losun gróðurhúsalofttegunda tengda eignasöfnum LV.

4 Samstarf og skuldbindingar

LV er aðili að eftirfarandi samtökum

- CIC - Climate Investment Coalition
- Festa – miðstöð um sjálfbærni
- IcelandSIF
- PRI – Principles for Responsible investment

Aðild að framangreindum samtökum fela ekki í sér sérstakar skuldbindingar varðandi rekstur eða umsýslu eignasafna utan þess að:

- LV er skuldbundinn til að svara árlegri könnun PRI varðandi framkvæmd ábyrgra fjárfestinga hjá sjóðnum.



5 Samþykkt, eignarhald og endurskoðun

Stefna þessi er samþykkt af stjórn LV og er forstöðumaður lögfræðisviðs ábyrgðamaður i hennar.

Stefnuna skal yfirfarin eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti.

Stefnan skal birt á vef lífeyrissjóðsins.

Stefnan öðlast gildi 1. mars 2025. Stefnan er til innleiðingar til 1. janúar 2026.

Útgáfusaga:

Útgáfa	Breytingar	Breytt af	Tekur gildi	Staðfets af	Dagsetning
1.0	Nýtt skjal	Á ekki við	1. febrúar 2025	Stjórn	23. janúar 2025